


Sóknaráætlun Suðurlands

STÖÐUGREINING 2012

Lokadrög

12.12.12



Byggðastofnun

Upphafsstæða á Suðurlandi

Efnisyfirlit:

1. Suðurland, staðhættir og sérstæða	4
1.1 Sérstæða	4
1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög. Byggðarþéttleiki	5
1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun sl. 15 ár, kyn, aldur, ríkisfang. Kynjahlutfall	7
1.4 Helstu þéttbýlisstæðir og íbúafjöldi	8
2. Menntun	9
2.1 Skipting íbúa eftir menntun	9
2.2 Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar	10
2.3 Starfafjöldi þekkingarsetra	10
3. Efnahagsþróun	11
3.1 Tekjur	11
3.2 Atvinnuleysi, atvinnuþátttaka	12
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur	13
4. Samgöngur	15
4.1 Vegir, hafnir, flugvellir	15
4.2 Almennings-samgöngur	16
4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstæða	16
5. Opinber þjónusta	18
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla	18
5.2 Löggæsla og sýslumaður	18
6. Önnur þjónusta	19
6.1 Verslun	19

1. Suðurland, staðhættir og sérkenni

1.1 Sérstaða

Svæðið. Landfræðileg afmörkun, lýsing staðháttar: Sérstaða: menning og félagsauður, náttúra og auðlindir.

Svæði sóknaráætlunar Suðurlands er víðáttumikið og langt, nær yfir 30.966 km² og um 375 km í loftlínu milli marka í Herðisarvík að vestan og á Lónsheiði að austan. Svæðið er samfallandi með starfssvæði landshlutasamtaka á Suðurlandi, SASS, (Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi) með aðild

allra 15 sveitarfélaga með 25.886 íbúa 1. janúar 2012.


Suðurland er ríkt af auðlindum, aflmiklum ám, jarðhita og frjórri jörð og sérkennilegum náttúru- fyrirbrigðum og náttúrufegurð. Suðurlandi má skipta í þrjú svæði sökum sérstöðu en flestir þessir þættir eru þeim öllum sameiginlegir. Svæðin þrjú eru vestur-

svæðið, lágrent, frjósamt, þéttbýlt með vaxandi íbúafjölda og á áhrifasvæði höfuðborgar, austursvæðið, með fjöll, jökla og eyðisanda en gróðurlendi á milli, strjálbýlt með fækkandi íbúum og Vestmannaeyjar með mikla útgerð og fiskvinnslu og þétt byggð, virkt og öflugt menningarlíf eyjasamfélagsins, magnaða náttúru en ár engar.

Skrá yfir vernduð svæði á Suðurlandi og svæði á náttúruminjaskrá er að finna í stöðuskýrslu frá 2009 <http://www.forsætisraduneyti.is/media/island/soknaraetlanir-fyrir-svaedi/landshlutask-sudursv.pdf> sem unnin var fyrir þjóðfund á Suðurlandi 2009. (20/20 Sóknaráætlun. Stöðuskýrsla Suðursvæðis. Töluleg samantekt. Mars 2009.)


Á bls. 21-35 í skýrslu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða frá 2011 www.idnadarraduneyti.is/media/ Acrobat/Rammaaetlun-1.pdf er að finna lista yfir forgangsroðun verkefnisstjórnarinnar. Með skýrslunni fylgja kort þar sem merkt eru inn verndar og nýtingarstaðir að tillögu verkefnisstjórnarinnar, www.idnadarraduneyti.is/media/ Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf.

Mynd 1.1.1 Landshlutasamtök og sveitarfélög 2012



Mynd 1.1.2 Virkjanakostir og vernduð svæði 2011

Korthluti verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða 2011



Mynd 1.1.3 Skipting Suðurlands í ferðasvæði 2011

Korthluti verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða 2011




1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög.

Byggðarpéttleiki


Sérkenni samfélags á Suðurlandi eru hin glöggu mörk á milli þriggja undirsvæða. Á Suðurlandi eru fimm þéttbýlisstaðir með meira en 1000 íbúa, þrjár þeirra í nábýli og innan áhrifa- og vinnusóknarsvæðis höfuðborgarinnar, Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn en ferðatími til hinna er of mikill fyrir daglega vinnusókn.

Mynd 1.2.1 Þéttbýlisstaðir og láglandi 2012



Mynd 1.2.2 Skipting mannfjöldans á svæðishluta Suðurlands 2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði. Miðað við þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu eru aðrir landshlutar strjálbýlir en á Suðurlandi er mikill munur á milli vestur- og austursvæðis landshlutans og Vestmannaeyja. Eyjarnar eru með tæplega 247 íbúa á hverjum ferkílómetra lands þéttbýlli en höfuðborgarsvæðið með tæplega 192 íbúa á ferkílómetra. Á hinn bóginn er austursvæði Suðurlands svo strjálbýlt að varla mælist á þessum skala, 0,06 íbúi á ferkílómetra í Skaftárhreppi.


Mynd 1.2.3 Landstærð og íbúafjöldi sveitarfélaga og svæðishluta 2012

Heimild: Hagstofa Íslands og LMÍ

	fer- kílómetrar	íbúafjöldi 2012	íbúafjöldi á ferkílómetra
Ásahreppur	2.942	204	0,07
Bláskóga byggð	3.300	906	0,27
Flóahreppur	289	602	2,08
Grímsnes- og Grafnings	900	416	0,46
Hrunamanna	1.375	774	0,56
Hveragerði	9	2.283	253,67
Rangárþing eystra	1.841	1.741	0,95
Rangárþing ytra	3.188	1.504	0,47
Skeiða- og Gnúpverja	2.231	504	0,23
Árborg	158	7.783	49,26
Ölfus	737	1.930	2,62
Vesturhluti	16.970	18.647	1,10
Vestmannaeyjar	17	4.194	246,71
Mýrdals	755	459	0,61
Skaftár	6.946	443	0,06
Hornafjörður	6.280	2.143	0,34
Austurhluti	13.981	3.045	0,22


Mynd 1.2.4 Íbúafjöldi landshluta á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ



Mynd 1.2.5 Íbúafjöldi á Suðurlandi á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ




Mynd 1.2.6 Íbúafjöldi sveitarfélaga á austur- og vestursvæði 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands

	1998	2002	2007	2012
Sveitarfélagið Árborg	5486	6050	7311	7783
Ásahreppur	141	143	158	204
Rangárþing eystra	1702	1642	1696	1741
Rangárþing ytra	1382	1431	1528	1504
Hrunamannahreppur	693	747	786	774
Hveragerði	1668	1872	2184	2283
Sveitarfélagið Ölfus	1526	1684	1846	1930
Grímsnes- og Grafningshr	298	348	376	416
Skeiða- og Gnúpverjahl	558	505	528	504
Blásakógabyggð	792	885	928	906
Flóahreppur	496	510	559	602
Vestursvæði Suðurlands	14742	15817	17900	18647
Hornafjörður	2476	2335	2181	2143
Mýrdalshreppur	526	526	496	459
Skaftárhreppur	593	543	487	443
Austursvæði Suðurlands	3595	3404	3164	3045


Mynd 1.2.7 Íbúafjöldi á austursvæði Suðurlands 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 1.2.8 Íbúafjöldi sveitarfélaga á austur- og vestursvæði 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Íbúafjöldi svæða og þéttleiki byggðar eru kvarðar sem auðvelt er að fylgjast með. Þeir byggjast á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert og landstærðum sem Landmælingar Íslands hafa reiknað.

Aðstæður og þróun á Suðausturlandi og í

Vestmannaeyjum er m.a. viðfangsefni í skýrslu Byggðastofnunar frá maí 2012, bls. 158-162, *Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*, www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf.

1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun sl. 15 ár


Íbúar. Mannfjöldaþróun sl. 15 ár, kyn, aldur, ríkisfang. Kynjahlutfall.

Þann 1. janúar 2012 bjuggu 25.886 manns á Suðurlandi, þar af 20.570 í þéttbýli, eða 79,5%. Íbúum hafði þá fjölgað um 2.921 frá 1998 eða um 12,7%. Íbúafjölgunin er talsverð miðað við aðra landshluta en samt hefur hlutur Suðurlands af þjóðinni farið heldur minnkandi.

Athyglisvert er að hlutur kvenna í hópi Sunnlendinga hefur verið vaxandi. Auk þess sem


Mynd 1.3.2 Hlutfall íbúa á Suðurlandi af þjóðinni allri 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 1.3.4 Konur, fjöldi eftir aldurhópum 1998, 2005 og 2012


Heimild: Hagstofa Íslands



Þessu leyti er þróun aldurshópa og skipting þeirra eftir kyni mikilvægur kvarði og byggist fólksfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert. Mannfjöldaþróun síðustu ára er viðfangsefni í skýrslu Bygðastofnunar, des. 2010, Breytingar á íbúafjölda 2001-2010, www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldi_2001-2010.pdf.


Mynd 1.3.5 Karlar, fjöldi eftir aldurhópum 1998, 2005 og 2012

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 1.3.3 Mannfjöldaþróun á Suðurlandi og landinu öllu 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 1.3.1 Mannfjöldaþróun á Suðurlandi 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi

Á Suðurlandi eru þrír bæir með yfir 2.000 íbúa og íbúafjöldi tveggja er á milli 1.000 og 2000. 1. janúar 2012 voru íbúar flestir á Selfossi, 6.496 og hafði fjölgað úr 4.329 árið 1998. Á þessum árum fjölgaði íbúum líka lítillega í Hveragerði og Þorlákshöfn en fækkaði í Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði. Hér má sjá mun á mannfjöldapróun milli bæjanna sem eru á áhrifasvæði Reykjavíkur og utan þess.

Í bæjum með íbúafjölda á milli 100 og 1.000 má greina svipaða þróun. Athyglisverð er fækkun á Eyrarbakka og Stokkseyri á árunum eftir bankahrún. Eitt af sérkennum Suðurlands eru hinir mörgu litlu þéttbýlisstaðir á vestursvæðinu og hinir fáu þéttbýlisstaðir á austursvæðinu. Að nokkru svipar aðstæðum að þessu leyti til Norðausturlands með marga litla þéttbýlisstaði við Eyjafjörð í vestri í samanburði við austurhluta svæðisins.

Fólksfjöldi þéttbýlisstaða er mikilvægur kvarði sem byggist á tölum Hagstofu Íslands fyrir hvert ár. Með hliðsjón af því sem áður hefur verið sagt um þjónustu- og vinnusóknir er viðgangur bæjanna mikilvægur.


Mynd 1.4.1 Þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi 2011-2012

Heimild: Hagstofa Íslands

	2011		2012	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Nesjahverfi	31	30	34	30
Höfn	850	790	866	802
Kirkjubæjarklaustur	54	58	54	61
Vík í Mýrdal	143	148	132	135
Vestmannaeyjar	2167	1973	2194	1998
Hvolsvöllur	437	441	450	443
Hella	392	391	384	391
Byggðakjarni í Þykkva bæ	35	31	32	32
Brautarholt á Skeiðum	28	26	31	26
Flúðir	224	207	212	200
Reykholt	105	99	99	98
Laugarás	55	64	52	62
Laugarvatn	80	89	68	80
Sólheimar	39	44	44	48
Borg í Grímsnesi	38	29	42	35
Selfoss og nágr.	3331	3238	3292	3204
Stokkseyri	245	218	256	232
Tjarnabyggð	32	34	38	40
Eyrarbakki	293	265	287	257
Hveragerði	1182	1151	1177	1130
Þorlákshöfn	799	734	793	729
Samtals	10.560	10.060	10.537	10.033
Samtals	20.620		20.570	
Suðurland allt	25921		25886	
Hlutfall þéttbýlisbúa	79,55		79,46	


Mynd 1.4.2 Þróun íbúafjöldans á stöðum með yfir 1000 íbúa 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 1.4.3 Þróun íbúafjöldans á stöðum milli 100 og 1000 íbúa 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands



2. Menntun

Mynd 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent

2.1 Skipting íbúa eftir menntun

Fyrir þessa greiningu á stöðu mála í landshlutunum fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent til að taka saman úr gögnum sínum tölur um menntun fólks eftir landshlutum. Capacent spyr í


Karlar	Grunnskóla- próf eða minna	Starfs- nám í fram- h.skóla	Stúdents- próf	Iðnnám/ verknám /meist- arapróf	Grunn- nám í háskóla	Fram- halds- nám í háskóla	
Suðurland	31%	5%	12%	39%	10%	3%	100%
Landið	22%	3%	14%	31%	19%	10%	99%
Konur							
Suðurland	42%	7%	17%	8%	21%	5%	100%
Landið	27%	6%	19%	9%	27%	11%	99%

ýmsum könnunum sínum um menntun og því telst upplýsingagrunnurinn vera marktækur þó þurft hafi að fara aftur til 2011 til þess að fá marktækt úrtak.

Eins og í öðrum tölum fyrir landsmeðaltal vegur hlutur höfuðborgarsvæðisins afar þungt. Samanburður leiðir í ljós að íbúar með próf úr grunnskóla, starfsnám úr framhaldsskóla og iðnnámi eru fleiri en í landsmeðaltali. Íbúar sem lokið hafa stúdentsprófi, grunnnámi (eða minna) og framhaldsnámi í háskóla eru færri en í landsmeðaltali. Í

Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun


Heimild: Capacent



samanburði við meðaltal fyrir landið allt eru mun færri sem lokið hafa háskólanámi og mun hærra hlutfall karla með iðnmenntun. Mun fleiri en á landsvísu sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi eða minna og er áberandi hátt hlutfall kvenna í þessum menntunarrhóp athyglisvert.

Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent




2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar

Framhaldsskólar á Suðurlandi eru á Laugarvatni, Selfossi, Höfn og í Vestmannaeyjum. Símenntunarmiðstöðvar á Selfossi og Vestmannaeyjum. Háskóli er ekki á Suðurlandi en Háskólafélag, einkahlutafélag í samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, hefur bækiðstöðvar á Selfossi og háskólaútibú eða –setur eru á Höfn og í Eyjum.

Mynd 2.1.4 Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi 2012

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneytið




Háskólasetur og útibú má flokka sem þekkingarsetur, starfsstöðvar af ýmsu tagi með langmenntuðu starfsfólki sem er að finna í öllum landshlutum. Aðgengi að menntun, símenntun og starfsendurhæfingu er talin ein forsenda fyrir nýsköpun. Vesturhluti Suðurlands býr að nágrenni við höfuðborgarsvæðið og mikið framboð þar af framhalds- og háskólum. Fjöldi háskóla á Suðurlandi er því hæpinn kvarði en Háskólafélagið ber þó vitni um áhuga fyrir slíkri stofnun á Suðurlandi.

2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum

Í áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi sem lögð var fram árið 2010 af mennta- og menningarmálaráðuneytinu voru skilgreind þekkingarsetur í hverjum landshluta utan höfuðborgarsvæðisins og starfafjöldi þeirra. Starfsemi af þessu tagi er talin mikilvæg fyrir nýsköpun og starfafjöldi því mikilvægur kvarði. Starfafjöldinn sem settur er hér fram sem kvarði byggist á samantekt skýrslunnar. Hann er þó gallaður að því leyti að á svæðunum eru fleiri stofnanir starfandi sem byggja á þekkingarstarfi til þjónustu, stoðstofnanir og að höfuðborgarsvæðið er ekki með. Þennan kvarða þarf því að þróa en samt telst hann gagnast í stöðumati í samanburði svæða utan höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 2.3.1 Fjöldi starfa á þekkingarsetrum á hverja 100 íbúa 2009

Heimild: Áfangaskýrsla MMR 2009



3. Efnahagsþróun

3.1 Tekjur

Útsvarsstofn sveitarfélaga byggist á heildaratvinnutekjum einstaklinga og sé hann reiknaður á hvern íbúa sveitarfélags telst hann lýsa tekjum á mann, sem annars er erfitt að afla upplýsinga um. Útsvarsstofninn byggist þó aðeins á launatekjum og nær t.d. ekki yfir fjármagns- og leigutekjur. Upplýsingar um útsvarsstofninn eru fengnar frá Ríkisskattstjóra og hér í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Útsvarsstofn pr.


íbúa telst þannig vera marktækur og mikilvægur kvarði sem uppfærast árlega og geta lýst tekjum og tekjuþróun eftir landshlutum á sambærilegan hátt. Tekjuþróunin á Suðurlandi er sýnd einfölduð á línuritinu í samanburði við landsmeðaltal. Útsvarsstofninn er sýndur á verðlagi ársins 2011 á hvern íbúa í landshlutanum og stofninn árið 2006 settur á 100 og því fæst þróunin á einfaldan og samanburðarhæfan hátt.

Suðurland er talsvert undir landsmeðaltali allt þetta tímabil

en dregur þó á landsmeðaltal eftir 2009. Af línuritinu má sjá að árið 2011 var þó útsvarsstofn mun lægri en hann var árið 2007, bæði að landsmeðaltali og á Suðurlandi og þar með tekjur einstaklinga.

Mynd 3.1.1 Útsvarsstofn á íbúa á Suðurlandi og landsmeðalatal 2006-2011

Heimild: Samband ísl. sveitarfélaga, Ríkisskattstjóri



Mynd 3.1.2 Útsvarsstofn á íbúa eftir landshlutum 2006-2011

Heimild: Samband ísl. sveitarfélaga, Ríkisskattstjóri

	Útsvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2011 - landsmeðtal 2006 sett á 100					
	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Höfuðborgarsvæði	105,5	115,0	105,4	92,0	86,9	89,0
Suðurnes	91,0	97,8	88,8	77,7	73,7	75,6
Vesturland	88,6	95,3	88,3	81,6	80,3	81,8
Vestfirðir	86,1	89,8	88,0	84,4	79,6	82,5
Norðurland vestra	80,7	83,3	80,2	77,4	75,5	76,6
Norðurland eystra	84,6	90,6	86,2	81,2	79,8	82,5
Austurland	129,8	124,6	96,5	88,6	86,7	93,0
Suðurland	85,4	91,7	86,4	78,7	76,9	80,4
Samtals	100,0	107,8	98,8	87,8	83,8	86,2

3.2 Atvinnuleysi

Atvinnuleysi á Suðurlandi var á bilinu 5-6 % á árunum 2009-2011 og því um tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali. Úr atvinnuleysi dró á Suðurlandi milli ára 2010 til 2011 líkt og í öðrum landshlutum að Vestfjörðum undanskildum. Atvinnuleysi karla hefur minnkað um eitt prósentustig. Atvinnuleysi kvenna var heldur minna en atvinnuleysi karla í byrjun tímabilsins en árið 2011 var atvinnuleysi karla og kvenna jafnt, 5,4 %. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka er mikilvægt að horfa til fjöldaþróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.

Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Suðurlandi um 3,5 prósentustig. Þetta lýsir almennt því að hlutfall eldri árganga vegur þyngra en áður og fyrir Suðurland sérstaklega að landshlutinn hefur ekki náð að halda fólki á aldrinum 20-39 ára. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Á töflu 3.2.5 má sjá þessa skiptingu, að atvinnuþátttaka er almennt 79% á svæðum sóknaráætlana landshluta en ekki eru tiltæk gögn til að sýna mismun milli þeirra.

Atvinnuþátttaka kvenna var óbreytt á árunum 2008 til 2011 eða um 75%, en atvinnuþátttaka karla lækkaði úr 87 % í 83 % á sama tímabili.


Mynd 3.2.5 Atvinnuleysi og þátttaka 2011

	Atvinnuþátttaka	Atvinnuleysi	Vinnuafli
Landið allt			
Karlar	84	7,8	94.400
Konur	77	6,2	85.600
Höfuðborgarsvæði			
Karlar og konur	81	8,1	118.200
Karlar	84	9	60.500
Konur	78	7,2	57.700
Utan höfuðborgarsvæðis			
Karlar og konur	79	5	61.800
Karlar	83	5,8	34.000
Konur	75	4,1	27.900

Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 3.2.1 Atvinnuleysi

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 3.2.2 Atvinnuleysi karla

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 3.2.3 Atvinnuleysi kvenna

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 3.2.4 Hlutfall 20-39 ára af heildaríbúafjölda

Heimild: Hagstofa Íslands



3.3 Nýskráning fyrirtækja

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá

heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki

Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn

samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1000 íbúa. Samanburðar

á þeim grunni sýnir að nýskráð fyrirtæki á Suðurlandi fylgja landsmeðaltalinu býsna vel en þau hafa þó verið undir landmeðaltali síðasta áratuginn.

Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er

helst að byggja á greiningum, sem Hagfræðistofnun Háskóla


Íslands hefur unnið í samstarfi við Bygðastofnun og hafa verið uppfærðar árlega. Þar kemur fram að um tveir þriðju hlutar landframleiðslunnar verða til á höfuðborgarsvæðinu.

Samanburður sem góður kvarði fyrir sóknaráætlun fæst með með mati á vægi atvinnugreina í hverjum

landshluta og á milli landshluta eins og sýnt er á töflu fyrir alla landshluta, 3.3.2, og súluriti með samanburði á framleiðslu eftir atvinnugreinum á Suðurlandi og samanburði við landsmeðalta. Þessi samanburður er mikilvægur með öðrum samanburði, t.d. um hagvöxt landshlutanna. Þessar skýrslur

Mynd 3.3.1 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1000 íbúa 1999-2011

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 3.3.2 Skipting framleiðslu á atvinnugreinum 2009

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2009

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Landbúnaður	0%	6%	0%	5%	5%	12%	5%	2%	12%	2%
Sjávarútvegur	3%	21%	25%	22%	38%	15%	17%	23%	18%	10%
Stóriðja, veitur	7%	11%	5%	22%	5%	6%	5%	24%	5%	8%
Annar iðnaður	5%	5%	2%	4%	3%	6%	6%	4%	6%	5%
Byggingar	5%	8%	10%	5%	8%	8%	8%	8%	7%	6%
Verslun, hótél	27%	15%	27%	12%	10%	14%	14%	10%	13%	23%
Fjármálaf.o.fl.	34%	18%	16%	14%	14%	18%	22%	16%	20%	28%
Opinber þjónusta	19%	17%	13%	15%	17%	23%	23%	13%	18%	18%
Samtals:	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Mynd 3.3.3 Skipting framleiðslu á atvinnugreinum 2009

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2009



byggja á tveggja ára gömlum talnagrunni og nýjstu skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar, Hagvöxtur landshluta 2004-2009, má sjá á vef Byggðastofnunar [www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur_landshluta_2004 - 2009.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur_landshluta_2004_-_2009.pdf).

Á súluritinu sést að Suðurland er talsvert undir landsmeðaltali í starfsemi fjármálafyrirtækja, verslana og hótela en yfir því í sjávarútvegi og landbúnaði.

Upplýsingar um hagvöxt eftir landhlutum fást í

Mynd 3.3.4 Hagvöxtur landshluta 2004-2009

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2009

sömu heimild og eru líka mikilvægur kvarði.


Þær sýna sveiflukennt ástand síðustu ár en ná þó ekki vel til árána eftir hrun.

Ljóst má þó vera að hrúnið hefur ekki hitt Suðurland jafn hart og landið að meðaltali þar sem höfuðborgarsvæðið vegur auðvitað þungt eins og í öðru landsmeðaltali.

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
2004	10%	2%	3%	5%	-1%	3%	0%	3%	2%	7%
2005	4%	13%	17%	10%	17%	3%	9%	32%	8%	7%
2006	9%	3%	7%	5%	-2%	-1%	-11%	20%	7%	7%
2007	8%	6%	21%	2%	8%	3%	5%	12%	2%	8%
2008	0%	5%	6%	9%	12%	2%	10%	-5%	5%	2%
2009	-9%	-5%	-6%	-4%	0%	-3%	-5%	-12%	-3%	-8%
2004-2009	21%	26%	54%	28%	17%	7%	6%	52%	23%	23%

Mynd 3.3.5 Hagvöxtur á Suðurlandi og landsmeðaltali 2004-2009

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2009



4. Samgöngur

4.1 Vegir, hafnir, flugvellir


Samkvæmt Samgönguáætlun 2011-2022 eru tveir flugvellir á Suðurlandi, í Vestmannaeyjum og á Höfn. Milli þessara staða og Reykjavíkur er daglegt áætlunarflug. Helstu stofnvegir eru hringvegurinn eftir endilöngu svæðinu og helsti vegir innan byggða, Kjalvegur og Sprengisandsvegur.

Á Suðurlandi eru fjórar hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, á Höfn, í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn auk ferjuhafnar í Landeyjahöfn, fyrir flutninga milli lands og Eyja. Fyrstnefndu hafnirnar þrjár eru jafnframt í I. flokki hafna samkvæmt flokkun Siglingastofnunar.

Engar stórar flutningahafnir eru í landshlutanum en Siglingastofnun miðar flokkun sína við að hafnir í I. flokki að þar geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig. Ekki eru neinar hafnir á Suðurlandi í flokkum II, III og IV á Suðurlandi.


Mynd 4.1.1 Grunnnet samganga

Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022



Mynd 4.1.2 Stofnvegir 2010

Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022




SKÝRINGAR

- VÖRUFLOTNINGAHÖFN
- 1. FLOKKUR: STÓRAR FISKIHAFNIR
- 2. FLOKKUR: MEDALSTÓRAR FISKIHAFNIR
- 3. FLOKKUR: BÁTAAFNIR
- 4. FLOKKUR: SMÁBÁTAAFNIR
- HÖFN Í GRUNNETI SKV. SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2022
- 50 KM LOFTLÍNURADÍUS FRÁ VÖRUFLOTNINGAHÖFN
- SVÆDI SÓKNARÁÆTLANA
- MÖRK SVÆDA SÓKNARÁÆTLANA
- HREPPAMÖRK
- VEGUR
- VEGSLÓÐI, SUMARVEGUR
- JÖKULL
- VATN, Á

0 25 50 75 100 km

Mynd 4.1.3



SUÐURLAND
HAFNIR 2012

Heimild: Siglingastofnun, Samgönguáætlun 2011-2022,
Hagstofa Íslands, LMI
10.12/ÁR

Bygðastofnun

4.2 Almennings­samgöngur

Innanríkisráðuneytið breytti áherslum fyrir almennings­samgöngur árið 2011 og síðan hefur verið unnið að því að færa landshlutasamtökum sveitarfélaga umsjón og rekstur almennings­samgangna með samningum milli þeirra og Vegagerðarinnar. Á Suðurlandi hefur SASS verið undanfari annarra landshlutasamtaka á þessu sviði með samningum við Strætó bs. um skilgreiningar á leiðakerfum, ferðum og undirbúningi fyrir útboð. Þróun þessa samræmda kerfis hefur leitt til sameiningar við skólakeyrs­lu fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi þannig að leiðakerfið nær milli Reykjavíkur og Hafnar, um uppsveitir Suðurlands og til Vestmannaeyja um ferjuhöfn í Landeyjum. Ferðafjöldi er misjafn eftir leiðum en milli Hafnar og Reykjavíkur um Selfoss er ein ferð á dag hvora leið.

Mynd 4.1.2 Strætókerfi Suðurlands 2012

Kort: SASS/Strætó bs.



4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Á vesturhluta Suðurlands eru margir þéttbýlisstaðir og tiltölulega stutt á milli þeirra og milli Reykjavíkur og þeirra flestra. Þetta á líka við um Selfoss sem er miðstöð þjónustu og verslunar og iðnaðar á Suðurlandi. Vegalengd er hins vegar mikil milli Selfoss og þéttbýlisstaða á austurhluta Suðurlands. Þetta er hér sýnt á töflu og í súluriti.


Stytting ferðatíma, samgöngu-bætur og vegstyttingar, hefur áhrif á vinnu- og þjónustusókn og þar með á búsetuskilyrði og er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.

Mynd 4.3.1


Vegalengdir milli þéttbýlisstaða 2012	
Milli Selfoss og	km
Nesjahverfi	394
Höfn	401
Kirkjubæjarklaustur	202
Vík	129
Vestmannaeyjar	93
Hvolsvöllur	49
Hella	36
Þykkvibær	51
Flúðir	46
Reykholt	42
Laugarás	40
Laugarvatn	39
Sólheimar	31
Stokkseyri	14
Eyrbakki	13
Hveragerði	13
Þorlákshöfn	28
Reykjavík	57

Heimild: Veggerðin

Mynd 4.3.2



Í könnun atvinnuþróunarfélagsins og Byggðastofnunar og eru greind sex vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Suðurlandi þar sem vesturhlutinn, að (Hvítá) Selfossi er innan vinnusóknar höfuðborgarsvæðisins og önnur vinnusóknarsvæði skarast líka. Innan þessara svæða er dagleg vinnusókn, ferðir milli heimilis og vinnustaðar. Á austurhluta Suðurlands er langt á milli vinnusóknarsvæða.




5. Opinber þjónusta

5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Suðurlands er samfallandi við svæði sóknaráætlunar fyrir landshlutann. Samkvæmt skilgreiningu Velferðarráðuneytisins er heilbrigðisstofnun á Selfossi, í Vestmannaeyjum og á Höfn og heilsugæslustöð á þessum stöðum, í Þorlákshöfn, Hveragerði, Laugarási, á Hellu og Hvolsvelli, í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri. Heilsugæslustöðvar marka mjög þjónustusóknir sem eru ekki stórar á vesturhluta Suðurlands.

Mynd 5.1.1 Heilbrigðisumdæmi og heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi 2012

Heimild: Velferðarráðuneytið, reglugerð nr. 785/2007




5.2 Löggæsla og sýslumaður

Á Suðurlandi sitja þrír sýslumenn og lögreglustjórar, á Selfossi, Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum auk sýslumanns á Höfn, sem heyrir undir lögregluumdæmi Eskifjarðar og sýslumanns í Vík sem tilheyrir lögregluumdæmi Hvolsvallar. Suðurland deilist þannig í fjögur lögregluumdæmi.

Mynd 5.1.2 Lögregluumdæmi og aðsetur sýslumanna á Suðurlandi 2012

Heimild: Innanríkisráðuneytið, lög nr. 92/1989



6. Önnur þjónusta

6.1 Verslun

Flokkun verslana

Ef byggt er á flokkun Samkeppniseftirlitsins: *Verðbrún og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26) eru lágvöruverðsverslanir á Suðurlandi í Þorlákshöfn, Hveragerði, Selfossi, Vestmanneyjum og Höfn en litlar verslanir í flestum þéttbýlistöðum, sumar með mjög takmarkað vöruframboð. Lágvöruverðsverslanir eru mikilvægar fyrir skilgreiningu á þjónustusvæðum, svipað og heilsugæslustöðvar. Flokkunin er svofelld:

1. Lágvöruverðsverslanir:
 - Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
2. Stórmarkaðir og almennar dagvörverslanir
 - Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
3. Klukkubúðir
 - Samkaup strax, 10-11
4. Litlar matvörubúðir
 - Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

